



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 18. maí 2021

Málsnúmer: 202006527/10.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Kristbjörg Hjaltadóttir, stjórnandi félagsþjónustu og Sigurbjörg Fjöl意思dóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Inngangur

Í þeim reglum sem nú liggja fyrir til samþykktar er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 4. og 5. tl. 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og er sveitarfélaginu skylt lögum samkvæmt að setja sér slíkar reglur.

Um er að ræða nýjar reglur sem fanga bæði stuðningsþjónustu samkvæmt félagsþjónustulögum og stoðþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk. Með tilkomu þessara nýju reglna opnast möguleiki á stuðning fyrir börn og fjölskyldur sem eru metnar í þörf fyrir stuðning án þess að staðfest fötlunargreining þurfi að liggja fyrir eða að málið sé unnið á grundvelli barnaverndarlaga, líkt og hefur verið til þessa.

Greinargerð

Reglur um þjónustu við börn og barnafjölskyldur á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hafa ekki áður verið til hjá Mosfellsbæ. Þjónusta sem veitt er samkvæmt þeim lögum getur að hámarki numið 15 klukkustundum á viku. Þörf fyrir stuðning er metin með fjölskyldu og barni hverju sinni. Til að fullnýta stuðningstíma þarf barn og/eða fjölskylda þess að vera með umfangsmiklar þjónustuþarfir. Þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er ætlað að vera stuðningur til skemmri tíma, gerð er stuðningsáætlun og stuðningur metinn á þriggja til sex mánaða fresti. Máli barns og/eða fjölskyldu þess er lokið þegar stuðningur hefur mætt þörfum samkvæmt mati.

Stuðningsþjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er útlistuð í 3. gr. reglna, lið a-c. Þar kemur fram að heimilt sé að veita ráðgjöf og fræðslu til foreldra. Að auki er heimilt að veita einstaklingsstuðning og stuðningsfjölskyldu, þjónusta sem áður hefur eingöngu verið veitt til fatlaðra barna og barna sem hafa mál sitt í vinnslu hjá barnavernd.

Til viðbótar grunnþjónustu er stoðþjónusta sem útlistuð er í 3. gr. reglna undir liðum d-g. Í þeim liðum er vísað í umfangsmeiri þjónustu og veitist samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk.

Stuðningur sem veittur er samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk getur verið til lengri tíma, vegna viðvarandi stuðningsþarfa sem eru tilkomnar vegna fötlunar.

Reglur þessar eru unnar í samvinnu við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, og er ætlað að jafna þjónustustig milli sveitarfélaga og eru hin sveitarfélögin sem voru í samstarfi um reglurnar að leggja sínar reglur um stuðning við börn og fjölskyldur fyrir nú á þessum tímamarki.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi reglur Mosfellsbæjar um liðveislu frá 01.11.2017.

Niðurstaða

Er því hér með óskað eftir því að fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar samþykki framanlögð drög að reglum Mosfellsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Virðingarfyllst,

Kristbjörg Hjaltadóttir og
Sigurbjörg Fjölnisdóttir